

Fundur 13.1.2025. Amanda indversk prinsessa.

Góða kvöldið, Amanda.

Góða kvöldið, blessuð og sæl.

Gleður mig alltaf að koma á ykkar fund og sendi ég mínar bestu kveðjur til Einars ykkar félaga sem er nú ekki staddur hér, þykist ég skilja.

En hann hjálpaði mér að nálgast fundinn og vil ég senda ykkur orku og blessun sem nota má til lækninga og almennrar eflingar og lífsgleði fyrir ykkur.

Og finn ég hér fyrir mörgum miðilsefnum í salnum, og er það einlæg ósk mín að þeir verði virkir í ykkar félagi, en þökkum við mjög fyrir þá góðu starfsemi sem fram fer með ykkar miðli nú um stundir, en alltaf er gott að hafa fleiri til vara.

Og reyndum við að opna hann Einar í ykkar hópi, en ekki tókst það sem skildi, var það ákveðin hindrun og,

*Það var eins og hann hafi orðið hræddur og dró sig alveg í hlé.*

Já, það má spyrja hann hvort hann hafi losað sig við gamlar trúar hugmyndir og taka nýjar og opnari inn á sig og hvort það myndi ekki hjálpa honum að taka á móti sambandi og miðla til ykkar og taka þátt í þessu starfi betur.

En þar fyrir utan fögnum við ykkar starfi mjög og viljum við að þið lyftið ykkur, sjáið lótusblómið og jurtirnar sem hér eru nálægt okkur.

Og megi menning blómstra og þjóð ykkar verða eins fjölmenn og okkar í tímans rás, og Einar nefndi mig prinsessu og væri það of langt mál að fara út í að rekja mína æfigöngu á framlífs hnöttunum, en gefa til baka það er mikilvægt og njóta allra þeirra sem hér eru samstilltir með okkur.

Og hygg ég að þjóð mín á jörðinni muni verða til friðar og hef ég einnig heyrt spádóma um að mögulegt sé að þjóð mín verði til þess að stilla til friðar í stórvelda deilunum.

Eru hér fjölmargir sem ég vildi minnast á, en þið kannski skynjið þá, það eru bæði mannlegar verur og Guðdómlegar og þið kannski skynjið þær.

Hef ég fylgst með fundi ykkar allan tímann og þurfti mikla orku til að koma þeim miklu upplýsingum í gegn á þessum fundi sem komu og þakka ég fyrir góða orku hjá ykkur í kvöld.

Verð ég nú að kveðja en þakka fyrir mig og fylgist með ykkur áfram og sendi orku eins og hægt er.

Verið þið sæl.

*Vertu blessuð Amanda og þakka þér fyrir komuna.*